

# Vefrit fjármálaráðuneytisins

6. mars 2008

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar 2008

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir janúarmánuð liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörð nær aðeins til eins mánaðar er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið óeðlilega miklum sveiflum í einstaka liðum. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri jákvætt um 25,4 ma.kr., sem er 1,9 ma.kr. hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 4,6 ma.kr. meiri en í fyrra á meðan gjöldin jukust um 3,3 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjöldur er jákvæður um 24,4 ma.kr. en var neikvæður um 6,8 ma.kr. á sama tíma í fyrra.

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs í janúar námu 56,6 ma.kr. sem er 9,3% aukning frá janúar 2007. Þar af námu skatttekjur og tryggingagjöld 54,2 ma.kr. sem er 9,5% aukning frá fyrra ári og samsvarar raunaukningu um 3,7% miðað við hækkun almenns verðlags. Aðrar rekstrartekjur aukast um 6,7% en þær skýrast einkum af vaxtatekjum og sölu vöru og þjónustu.

Skattar á tekjur og hagnað námu 31,7 ma.kr. sem er 5,7% aukning frá árinu 2007. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 7,9 ma.kr. og lækkaði um 9,6% frá fyrra ári. Tekjuskattur lögaðila nam 0,3 ma.kr. Skattur af fjármagnstekjum nam 23,5 ma.kr. og jókst um 17,2% miðað við sama tímabil í fyrra, en innheimta hans fer að stærstum hluta fram í janúarmánuði hvert ár. Eignarskattar jukust um 40% frá fyrra ári og námu 831 m.kr., þar af námu stimpilgjöld 629 m.kr.

IFnnheimta veltuskatta nam 17,1 ma.kr. í janúar og jókst um 17,2% frá fyrra ári eða sem nemur 11,4% að raunvirði eftir að tekið hefur verið tillit til hækkunar vísitölu neysluverðs. Stærsti hluti veltuskatta eru tekjur af virðisaukaskatti sem nam 12,5 ma.kr. og jókst um 18,7% á milli ára eða 12,9% að raunvirði. Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi lækkuðu að raunvirði um 2,5% að raunvirði. Önnur vörugjöld fylgdu verðlagsþróun að mestu. Vörugjöld af ökutækjum jukust um 90% að raunvirði og olíugjaldið um 1,7% en vörugjöld af bensíni drógust saman um 10,3% að raunvirði.

Af öðru má nefna að tekjur vegna tolla og aðflutningsgjalda jukust um 14% frá sama tíma í fyrra og námu um 850 m.kr. og innheimta tryggingargjalda er sú sama og í janúar 2007.

**Greidd gjöld** nema 31,6 ma.kr. og hækka um 3,3 ma.kr. frá fyrra ári, eða 11,5%. Mest munar um eins milljarðs hækkun til menntamála eða 21% og vegur Lánaþjófur námsmanna þar þyngst með um 500 m.kr. hækkun á milli ára. Almennatryggingar og velferðarmál hækka um 0,6 milljarða milli ára eða 11%, og heilbrigðismál um 0,5 ma.kr. eða 6,8%. Þessir þrjú málaflokkar vege langþyngst í heildarútgjöldum ríkisins og eru með tæplega 2/3 hluta útgjaldanna.

**Lánsfjárfjöldur** ríkissjóðs er jákvæður um 23,5 ma.kr. í janúar, en lánsfjárförfin var 7,2 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöldur nam 24,4 ma.kr. Í janúar var gerður upp ríkisvixill að fjárhæð 3,5 ma.kr.

## Vöruskiptin við útlönd í febrúar 2008

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru fluttar inn vörur í febrúar fyrir 32 ma.kr. sem er lítilleg lækkun frá fyrri mánuði þegar fluttar voru inn vörur fyrir 33,7 ma.kr. Fluttar voru út vörur fyrir 19,5 ma.kr. sem er nokkur lækkun frá fyrri mánuði og einnig minni útflutningur heldur en í febrúar á sl. ári. Vöruskiptajöfnuðurinn var því neikvæður sem nam 12,5 ma.kr. en á sl. ári var hallinn að meðaltali um 7,5 ma.kr. á mánuði.

Þegar rýnt er í undirlíði inn- og útflutningsins ber helst til tíðinda að töluvert dregur úr innflutningi fólksbifreiða á milli mánaða en hann náði reyndar sögulegu hámarki í janúar sl. Einnig dregur nokkuð úr innflutningi á öðrum flutningatekjum til einkanota sem og flutningatekjum til atvinnurekstrar. Lítillega dregur úr innflutningi fjárfestingarvara og mat- og drykkjarvara en töluverður samdráttur er í innflutningi á varanlegum neysluvörum. Á móti kemur að um 10% aukning er í

innflutningi á eldsneyti og smurólum sem og hrá- og rekstrarvörum, þar sem aukinn innflutningur á áloxiði vegur þungt. Þá er einnig nokkur aukning í innflutningi á hálf-varanlegum neysluvörum (fatnaður, skór ofl.). Má gera ráð fyrir að innflutningurinn dragist saman á næstunni samfara minni innflutningi fjárfestingarvara auk þess sem lægra gengi mun draga úr innflutningi fólksbifreiða og ýmissa neysluvara.


Hvað útflutninginn varðar þá er útflutningur sjávarafurða svipaður og undanfarna tvo mánuði en verð sjávarafurða í erlendri mynt er gott um þessar mundir auk þess sem gengi krónunnar hefur lækkað undanfarið. Útflutningur áls er nokkrum minni en í janúar þrátt fyrir að verð á áli sé gott um þessar mundir eftir að dregið hefur úr framleiðslu Kínverja undanfarið vegna erfiðs árferðis. Það lítur því út fyrir að nokkur töf verði á því að útflutningurinn endurspegli framleiðslugetuna á áli en einungis er tímaspursmál hvenær við sjáum útflutningsverðmætið taka góðan kipp upp á við.

Sem fyrr er mat á hreyfingum undirliða inn- og útflutnings byggt á eigin útreikningum en ekki bráðabirgðatölum Hagstofunnar.

## Þróun mannfjölda á ellilífeyrisaldri

Nýverið gaf Hagstofa Íslands út nýja spá um mannfjölda á Íslandi til ársins 2050. Í því samhengi er áhugavert að skoða þróun mannfjölda þeirra sem eru ellilífeyrisaldri þ.e. 67 ára og eldri. Á Íslandi er fjöldi 67 ára og eldri nú um 32 þúsund manns, sem er rúmlega 10% af heildarmannfjöldanum. Áætlað er fjöldinn í þessum aldurshópi verði orðinn tæplega 82 þúsund árið 2050 eða um 19% af heildarmannfjölda á Íslandi. Gert ráð fyrir því að ævilengd muni aukast talsvert. Í dag er meðalævilengd kvenna 82,8 ár og 78,9 ár hjá körlum en á árinu 2050 er reiknað með að meðalævilengd kvenna verði orðin 87,1 ár og 84,6 ár hjá körlum. Á móti er gert ráð fyrir því að fæðingartíðni muni standa í stað og jafnvel minnka. Með þessu móti verður þjóðin hlutfallslega eldri. Myndin sýnir þróun mannfjölda 67 ára og eldri fram til ársins 2050.

Þróun mannfjölda 67 ára og eldri til ársins 2050



Heimild: Hagstofa Íslands

Reikna má með því að ellilífeyrisútgjöld almannatrygginga aukist af þessum sökum en það fer þó eftir þróun viðmiðunartekna og uppsöfnun lífeyrisréttinda landsmanna. Ísland hefur þá sérstöðu að lífeyrisgjóðirnir munu í vaxandi mæli standa undir lífeyri ellilífeyrisþega. Reikna má með að útgjöld ríkissjóðs til heilbrigðisþjónustu aukist með auknum fjölda 67 ára og eldri en þó einkum þegar tekur að fjölga umtalsvert í hópi þeirra sem eru áttæðir og eldri. Reglulega eru endurskoðaðir þættir í heilbrigðisarkerfinu og almannatryggingum. Í því samhengi verður að hafa það í huga hvort framtíðarkynslóðir muni standa undir væntanlegum auknum útgjöldum sem stafa af því að þjóðin er hlutfallslega að eldast.

Tekjur ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Skatttekjur og trygg.gjöld	26,9	9,5
Skattar á tekjur og hagnað	17,8	5,7
Eignarskattar	-26,8	40,0
Skattar á vöru og þjónustu	56,2	17,2
Tryggingagjöld	15,7	0,8
Tekjur alls	25,9	9,3

Gjöld ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Almenn opinber þjónusta	10,9	15,9
Heilbrigðismál	-0,4	6,8
Alm.trygg. & velferðarmál	10,3	11,0
Efnahags- og atvinnumál	37,6	-7,6
Menntamál	7,5	21,0
Gjöld alls	11,1	11,5

Afkoma ríkissjóðs janúar		
Milljónir króna	2007	2008
Handbært fé frá rekstri	23.518	25.410
Hreinn lánsfjárfjöldur	-6.824	24.359
Afborgun lána	-60	-576
Brúttó lánsfjárfjöldur	-7.214	23.453
Lántökur	31.861	-3.550
Breyting á handbæru fé	24.647	19.903

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Verðbólga (febrúar)	7,4	6,8
Kjarnaverðbólga (febrúar)	7,9	6,4
Launavísitala (janúar)	10,1	6,2
Heildarvelta (jan.-okt. '07)	13,5	8,3
Smásöluvelta (jan.-okt. '07)	5,7	9,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (janúar)	1,3	0,9